

# Fótlablað Völsungu



2024

# Framkvæmdastjóri/aðalstjórn

## Áfram Völsungur

Senn lýkur enn einu farsæla árinu í starfsemi Völsungs og nú stýttist óðum í að félagið verði 100 ára. Starfsemi félagsins hefur haldið áfram að vaxa á árinu 2024 og hefur líklega aldrei verið fjölbreyttari. Völsungur er ríkur af einstaklingum sem brenna fyrir félagið og er óeigingjarnt á tíma sinn og vinnu í kringum sjálfbodaliðastörfin. Það eru einmitt ekki síst fyrir hlut þessara einstaklinga sem gerir það að verkum að starfið hefur vaxið og dafnað og er eins öflugt og raun ber vitni. Við erum stolt af öllu því frábæra fólki sem tekur að sér störf innan félagsins og vinnur af hugsjón félaginu til framdráttar. Það er gaman að tilheyrja Völsungsfjölskyldunni og þar er líka alltaf pláss fyrir fleiri.

Íþróttafélagið Völsungur hefur haldið nokkra árlega viðburði og á því var engin undantekning á árinu 2024. Íþróttafólk Völsungs var heiðrað í byrjun árs og voru Arnar Pálmi Kristjánsson knattspyrnumaður og Sigrún Marta Jónsdóttir blakkona kosin íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2023. Á afmælisdegi félagsins, 12. apríl, var efnt til afmælisveislu í Vallarhúsinu. Við það tilefni var ný heimasíða félagsins kynnt og sett í loftið og sögunefnd Völsungs opnaði og kynnti fyrsta kaflann í sögu félagsins sem er hýstur á heimasíðunni. Einnig nýtti félagið tækifærið og heiðraði Lúðvík Kristinsson með gullmerki Völsungs og Jón Höskuldsson og Sóleyju Sigurðardóttur með silfurmerki Völsungs fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins um langt skeið.

Samþættingarverkefni Völsungs, Norðurþings, Grænuvalla og Borgarhólsskóla hélt göngu sinni áfram á árinu. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið sem nær til elstu tveggja árganga í leikskóla og yngstu tveggja árganga í grunnskóla. Öll börn á þessu aldursskeiði fara á skipulagðar íþróttæfingar í leikskóla- og frístundastarfi sínu. Þarna fá börn kynningu á íþróttgreinum innan félagsins. Strax eru farin að sjást merki um aukna þátttöku iðkenda á þessum aldri í starfi félagsins. Skráning í valkvæð námskeið hjá Völsungi hefur stóraukist og má þar nefna að sundnámskeið sem hefur verið haldið á vorin hefur aldrei verið fjölmennara, aldrei hafa fleiri börn verið í íþróttaskólanum og aldrei hafa fleiri iðkendur skráð sig í sumarnámskeið í knattspyrnu í yngstu flokkum.

Skipulagt íþróttastarf er gríðarlega mikilvæg forvörn og við erum heppin að svo fjölbreytt starf sé í boði fyrir alla aldurshópa í ekki stærra samfélagi. Á árinu hefur fjölbreytileikinn meira að segja aukist nokkuð. Bardagadeildin hélt námskeið í Jiu Jitsu fyrir börn og þá var stofnuð píludeild innan Völsungs en hvoru tveggja er skemmtileg viðbót við hreyfiflóruna í samfélaginu okkar. Píludeildin tók í gegn norðurendann í sundlaugarkjallaranum og opnaði þar aðstöðu á haustdögum. Skráning í félagið hefur verið með eindæmum góð og býður deildin upp á opin kastkvöld fyrir almenna félagsmenn ásamt því að vera með unglingskast. Eftir áramótin er svo stefnt á að vera með kvennakast að lágmarki einu sinni í viku.

Þá rekur Völsungur öflugt afreksstarf bæði í blaki og knattspyrnu, afreksstarf sem eftir er tekið á landsvísu og oft út fyrir landsteinana. Reglulega erum við Völsungar með einstaklinga í landsliðsverkefnum og eru þeir einstaklingar félaginu til mikils sóma. Það eru hálfgerð forréttindi að geta mætt á viðburði þar sem Völsungur etur kappi við bestu lið landsins í sínum greinum alla mánuði ársins og við getum svo sannarlega verið stolt af öllu okkar frábæra íþróttafólki. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu endaði sumarið á því að komast upp um deild og spilar því í Lengjudeildinni að ári og þá voru stelpurnar í meistaraflokki kvenna í toppbaráttu allt fram í lokaleik sumarsins. Meistaraflokkarnir okkar í blaki eru líka að gera góða hluti. Karlaliðið spilar í efstu deild og kvennaliðið er um þessar mundir í toppbaráttunni í efstu deild.

Auk alls þessa sem talið er hér upp að ofan er einnig hreyfing meðal almennings innan félagsins. Hjóladeildin hefur haldið áfram að viðhalda sínum stígum, Skídagöngudeildin hefur farið í uppbyggingu á lýsingu á svæðinu og gönguhópur eldri borgara mætir alla fimmtudaga í Vallarhúsið eftir að hafa nýtt upphitað vallarsvæðið til göngu. Allt þetta er einungis brot af öllu því góða og öflugra starfi sem Völsungur stendur fyrir og tekur þátt í.

Nú í desember var síðan samþykkt gríðarlega jákvæð fjárhagsáætlun hjá Norðurþingi þegar litið er til uppbyggingar og viðhalds íþróttamannvirkja. Meðal þess sem er á dagskrá er að skipta út gervigrasinu á PCC vellinum og setja þar stúku. Með þessari framkvæmd er stóraukin og bætt aðstaða áhorfenda við völlinn en einnig stendur til að skipta út gólfinu og stúkunni í PCC höllinni. Við Völsungar fögnum þessum mikilvægu verkefnum sem við vitum að eiga eftir að hafa jákvæð áhrif á okkar öfluga starf.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi félagsins á árinu kærlega fyrir sitt framlag. Hvort sem um er að ræða iðkendur, foreldra eða forráðamenn, sjálfbodaliða eða stjórnarfolk, án ykkar væri þetta ekki mögulegt. Takk fyrir að taka þátt í að gera bæjarfélagið okkar eftirsóknarverðara og uppfullt af tækifærum. Að auki vil ég þakka kærlega öllum velunnurum Völsungs sem ár eftir ár styrkja félagið fjárhagslega fyrir ykkar framlag og fyrir að taka þannig þátt í því að tryggja að hægt sé að halda úti og bjóða upp á öflugt íþróttastarf.

Öllum Völsungum nær og fjær óska ég svo gleðilegra jóla og vona að á nýju ári vöxum við enn frekar og höldum áfram að vera stoltir Völsungar.



**Með kærri Völsungskveðju,  
Jónas Halldór Friðriksson  
Framkvæmdarstjóri Völsungs**

Gleðileg jól

# Á vit ævintýranna á nýju ári



Skemmtileg sumarstörf í boði!

Hafðu samband á [kristinn@nordursigling.is](mailto:kristinn@nordursigling.is)

Velkomin um borð  
[nordursigling.is](http://nordursigling.is)



**NORÐURSIGLING**

SÍÐAN 1995

## HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR FRÍSTUNDASTYRKINN?

22.500 kr. - gildir til 31.12.24

Börn á aldrinum 2-18 ára eiga rétt á  
niðurgreiðslu á skipulögðu íþrótta-  
og tómstundastarfi!

[www.nordurthing.is](http://www.nordurthing.is)

Nánari upplýsingar veitir íþrótta- og tómstunda-  
fulltrúi hafrun@nordurthing.is

## HAVE YOU USED YOUR ACTIVITY GRANT?

22,500 kr. - Valid to 31.12.24

All children from the age 2 -18 can  
entitled to sports- and activity grant  
from Norðurþing



Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum  
nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól  
og þakkar stuðninginn og samfylgdina  
á árinu sem er að líða.  
*Jólaþak, aðalstjórn*

Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**SJÓVÁ**

## Opnunartími í sundlaug Húsavíkur yfir hátíðirnar

Þorláksmessa	6:45 - 19:00
Aðfangadagur	10 - 14
Jóladagur	Lokað
Annar í jólum	10 - 14
Gamlársdagur	10 - 14
Nýársdagur	Lokað

Aðra daga er hefðbundinn  
opnunartími



## Áramótabrenna og flugeldasýning

Kveikt verður í  
áramótabálkesti kl.  
17:00 á gamlársmessa

Brennan verður staðsett  
við Skeiðavöll fyrir  
neðan Skjólbrekku

Íbúar eru hvattir til að  
mæta og eiga góða  
stund



# Íþróttafólk Völsungs 2023

Íþróttafólk Völsungs var haldið í Hlyn, sal eldri borgara, fimmtudaginn 14. mars. Viðburðurinn hefur verið haldinn með þessum hætti allt frá árinu 2015 og var þetta því í níunda skipti sem íþróttakarlar og íþróttakona Völsungs hafa verið heiðruð með þessum hætti.

Að þessu sinni voru fjórar deildir innan raða Völsungs sem tilnefndu átta aðila í kjör á íþróttafólki Völsungs. Að auki tilnefndu tvær deildir fjóra aðila til hvatningarverðlauna. Hvatningarverðlaun eru veitt þeim aðilum 15 ára og yngri sem hafa staðið sig vel í starfi félagsins á einn eða annan hátt, hvort heldur sem inni á vellinum, á æfingum eða í almennu starfi félagsins.

Kosning fór þannig fram að allir greiddandi félagsmenn innan Völsungs höfðu tök á að kjósa og var kosningarþátttaka var með ágætum.

Í kjöri til íþróttafólks Völsungs voru átta aðilar frá fimm deildum félagsins. Eftirtaldir aðilar voru í kjöri til íþróttafólks Völsungs:

- Arnar Pálmi Kristjánsson knattspyrnumaður Völsungs 2023
- Árni Fjalar Óskarsson blakmaður Völsungs 2023
- Elías Frímann Elvarsson almenningsíþróttamaður Völsungs 2023
- Hildur Anna Brynjarsdóttir knattspyrnukona Völsungs 2023
- Hildur Sigurgeirsdóttir bocciakona Völsungs 2023
- Ólafur Karlsson bocciamaður 2023
- Ruth Ragnarsdóttir almenningsíþróttakona Völsungs 2023
- Sigrún Marta Jónsdóttir blakkona Völsungs 2023

**Arnar Pálmi Kristjánsson** var kjörinn íþróttamaður Völsungs fyrir árið 2023. Arnar Pálmi Kristjánsson spilaði hverja einustu mínútu fyrir Völsung í deild og bikar í sumar. Arnar er uppalinn Völsungur sem snemma byrjaði að spila fyrir meistaraflokk karla og þrátt fyrir að vera aðeins á 21.aldursári á hann að baki 112 keppnisleiki í deild og bikar. Arnar tók við nýju hlutverki sem fyrirliði liðsins, þrátt fyrir ungan aldur, og stóð sig með sóma. Arnar er sannarlega frábær fyrirmynd yngri iðkenda Völsungs og er alltaf að bæta sig enn frekar.

**Sigrún Marta Jónsdóttir** var kjörin íþróttakona Völsungs fyrir árið 2023. Sigrún Marta hefur verið öflugur leikmaður blakdeildar Völsungs í mörg ár og ávallt skilað sínu hlutverki með sóma. Hún er góður liðsmaður, leiðtogi í hóp og hefur oft þurft að leysa fleiri en eina stöðu á vellinum fyrir liðið. Þá hefur hún samhliða blakinu æft og spilað með meistaraflokki kvenna í knattspyrnu við góðan orðstýr. Sigrún spilar jafnan stöðu frelsingja sem er sérhæfð varnarstaða og því ekki oft áberandi þegar skoðuð er tölfræði leikmanna. Hins vegar er þessi staða ein sú allra mikilvægasta á vellinum þegar komið er á hæsta getustig íþróttarinnar.

## Hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun eru veitt þeim aðilum, 16 ára og yngri, sem eru fyrirmyndir annarra iðkenda með ástundun og dugnaði, bæði innan sem utan vallar. Það eru deildir félagsins sem tilnefna tvo fullrúa úr sínum röðum, einn af hvoru kyni. Að þessu sinni voru verðlaunin veitt einstaklingum úr blaki og knattspyrnu. Í knattspyrnu voru verðlaunin veitt þeim Arnar Ingj Hrólfsson og Elísabetu Ingvarsdóttur. Hjá blakdeild voru það þau Inga Björg Brynjúlfsdóttir og Sveinn Jörundur Björnsson sem hlutu hvatningarverðlaunin.





# Jólahugvekja sóknarprests

Hugleiðing fyrir Völsung á jólum 2024

Ég var fyrir mörgum árum í Þýskalandi um jólaleitið. Málmblásarar úr sinfóníu-hljómsveit borgarinnar komu saman í turni kirkju við markaðstorg borgarinnar, tóku upp hljóðfæri sín og blésu jólalög til að gleðja gesti og gangandi. Ískaldur málmur munnstykka hljóðfæra snerti heitar varir tónlistarmannanna, en þeir létu það ekki á sig fá í frostinu. Jólalögin flugu út í kvöldkyrrðina. Snjóflygsur féllu til jarðar. Það var kalt úti, en fólk safnaðist saman við kirkjuna til að fanga jólastemminguna. Þessi minning rifjaðist upp fyrir mér eitt sinn um jól, þegar vinur minn einn, sagði við mig, þegar ég sagðist vera að undirbúa mig í huganum undir jólapredikunina: "Þarftu að segja nokkuð. Er þetta ekki sama sagan og síðast". Jú, það er satt. Það kunna allir þessa sögu sem og jólalögin og geyma í hjarta sér í öllum sínum einfaldleika. Sagan og lögin kalla fram stemmingu. Hver og einn upplifir hana á sinn hátt, sér hana fyrir sér eins og mynd. Besta jólagjöfin er ókeypis, eins og jólalög málmblásaranna úr kirkjuturninum í Þýskalandi. Staður og stund, þegar við stoppum á markaðstorginu og hrífumst með í tali og tónum. Andartakið með gjöfinni stóru sem við eigum hvert með okkur sjálfum á jólum. Við viljum hugleiða þýðingu hennar fyrir okkur og allt mannkyn. Sigur kærleikans yfir hatri og illsku. Við upplifum jákvæða kyrrð hugans í andartakinu nú, myndinni af frelsara okkar í jötunni, eins og við værum að horfa á logandi kerti. Kærleikur meðal allra er jólagjöf friðarins og vonarinnar. Gjöf okkar til hvers annars á að vera endurspeglun af stóru gjöfinni. Guð er komin til okkar í litlu barni, til að vera og leiða okkur til sín. Við biðjum fyrir friði í heiminum.



**Gleðileg jól**  
**Sr. Örnólfur J. Ólafsson.**  
**Þingeyjarprestakalli.**

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**NORÐURVÍK**  
HÖFÐA - HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1270 • GSM 898 8370

Óskum viðskiptavinum  
okkar gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin á árinu.



 Sig Illugason  
Málakameistari - Sími: 8942707

# KEA

*Bragðið sem byr  
til jólin*

Þegar kemur að jólasteikinni koma málamiðlanir ekki til greina. Þess vegna stólar fólk á okkur því þannig gengur það að gæðunum vísum. KEA hamborgarhryggurinn er sérlega safaríkur, bragðgóður og úr fyrsta flokks hráefni.



# Boccia

Árið byrjaði í febrúar með okkar árlega Húsavíkurmóti sem gekk mjög vel. Góð þáttaka var í mótinu þar sem fyrirtæki og eldri borgarar hér í bæ etja kappi saman og hafa gaman. Þetta mót er okkar helsta fjáröflun og þökkum við keppendum og fyrirtækjum hér í bæ sem gefa vinninga fyrir stuðninginn. Í ár unnu Húsavíkurmótið kapparnir Einar Baldvins og Dagur Jóhannesson, í öðru sæti Sigurður Haukur Vilhjálmsson með vini sínum Hjörvari Jónmunds og þriðja sætið hrepptu Jóna Rún Skarphéðinsdóttir með mági sínum Sigmari Stefáns. Hvatningarbikar Íþróttafélags fatlaðra fékk að þessu sinni Aron Fannar Skarphéðinsson en hann er ómissandi í starfi deildarinnar.

Í mars voru Ólafur Karlsson og Hildur Sigurgeirsdóttir valin Bocciamaður og Bocciakona fyrir árið 2023.

Í maí var svo haldið á Hængmótið á Akureyri sem er einstaklingskeppni og náðum við engum verðlaunum á því móti en þar var líka haldið um leið Íslandsmótið í liðakeppni og gekk okkar fólki mjög vel þar. Í 2.deild sigruðu Bryndís Edda Benediktsdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir og Kristín Smith og í þriðja sæti í sömu deild voru Kristbjörn Óskarsson, Sverrir Sigurðsson og Kristófer Ásvaldsson, frábær árangur.

Í október var haldið til Reykjavíkur að morgni föstudags með langferðabíl Fjallasýnar sem hefur reynst okkur mjög vel í okkar ferðum og vil ég þakka sérstaklega vel fyrir það. Við gerðum vel við okkur og gistum á Grandhótelu og voru allir hæstánægðir að dvelja á svona flottu hóteli. Eftir langann keppnisdag á laugardegi var skellt sér á glæsilegt pizzahlaðborð í Minigarðinum og var virkilega gaman að fara með hópinn þangað, allir pakksaddir og sælir.

Dagarnir eru langir á Íslandsmótunum og allir að standa sig vel og gleðin við völd. Til verðlauna unnu Rut Guðnýjardóttir í 1. sæti í 6. deild en hún var að byrja aftur að æfa eftir langt frí. Ólafur Karlsson landaði svo silfrinu í 4.deildinni eftir harða baráttu um gullið. Mótið endaði svo á sunnudagskvöldinu með glæsilegu lokahófi í Gullhömrum. Heimförin gekk vel og var komið heim um kl. 16.á mánudeginum. Að fara í svona fjögurra daga ferð er ekki hægt án okkar frábæra starfsfólks hjá Norðurþingi og fyrir það vil ég þakka.

**Að lokum óska ég ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar.  
Rannveig Þórðardóttir  
Formaður bocciadeildar Völsungs**







# EINFALT & ÞÆGILEGT MEÐ APPINU

Í Sparisjóðsappinu getur þú sinnt öllum helstu bankaviðskiptum á fljótlegan, einfaldan og öruggan hátt



 **SPARISJÓÐUR**  
Suður-Þingeyinga

Laugar – Húsavík  
www.spar.is – spthin@spthin.is – 464 6200

# BJJ

Nú er fjórða starfsár glímunnar að renna sitt skeið og heldur uppgangur íþróttarinnar áfram.

Myndast hefur góður kjarni iðkenda sem tekur stöðugum framförum. Ástundun hefur verið með hinu ágætasta móti en eins og gengur og gerist hverfa einhverjir iðkendur á braut og koma nýir í þeirra stað. Heilt yfir hafa á annan tug nýliða tekið þátt í glímustarfinu á árinu auk þess sem deildin fór af stað með barnastarf í september síðastliðnum þar sem krakkar í 7.-10. bekk stigu sín fyrstu skref á dýnunum.



Í september síðastliðnum lögðu tveir iðkendur land undir fót og tóku þátt í Hvítur á leik sem er mót fyrir hvítbeltinga. Konrad Mianowany keppti um þriðja sætið í sínum þyngdarflokki (100kg+) en laut í lægra haldi gegn sterkum andstæðingi. Dagur Ingi Sigursveinsson gerði sér lítið fyrir og bar sigur úr bítum í sínum þyngdarflokki (-82kg) þar sem hann kláraði alla andstæðinga sína með uppgjafartaki. Auk þess tók hann þátt í opnum þyngdarflokki á sama móti og lenti í öðru sæti. Það skal því engan undra að Dagur Ingi var gráðaður í blátt belt í október síðastliðnum enda vel að því kominn.

Fleiri iðkendur voru gráðaðir á árinu. Heiðar Beitelstein Kristjánsson fékk blátt belt, Andreas Hautopp Blensner og Ólafur Ármann Sigurðsson fengu fjólublátt belt og Andri Dan Traustason og Kristján Gunnar Óskarsson voru gráðaðir í brún belt.

Innan raða deildarinnar eru í heildina á þriðja tug hvítbeltinga, bláu beltin orðin átta talsins, tvö fjólublá og tvö brún. Það er því ljóst að íþróttin hefur fest sig í sessi innan raða Völsungs og horfum við glímumenn og konur björtum augum fram á við.







Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þakka viðskiptin á  
árinu sem er að líða.

**Kristján Gunnar**  
sálfræðistofa



**Hóll ehf**  
Höfða 11 - 640 Húsavík  
Sími/Fax: 464 2200  
e-Mail: holleh@holleh.f.is  
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161  
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
Megi framtíðin vera björt.  
Þökkum liðnu árin.



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.

 **FAGLAUSN**

# Yngri flokkar í knattspyrnu

Hlutverk barna- og unglingaráðs knattspyrnu-deildar Völsungs felst í því að halda utan um starfsemi yngra flokka félagsins. Ráðið sér meðal annars um skipulagningu fjáröflunar deilda, innheimtu æfingagjalda, ráðningar á þjálfurum ásamt því að taka á einstaka málum sem upp koma og vill ráðið nýta tækifærið og þakka foreldrum fyrir farsælt samstarf á árinu sem er að líða. Lykilinn að öflugu íþróttastarfi barna er gott og öflugt samstarf á milli foreldra, barna og félagsins. Barna- og unglingaráð er skipað 3-5 fulltrúum í senn. Nú skipa ráðið Berglind Jóna Þorlákssdóttir formaður, Elísabet Anna Helgadóttir, Freyr Ingólfsson, Rúnar Traustason og Sólveig Ása Arnarsdóttir. Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri félagsins situr fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn. Einnig situr yfirþjálfari yngri flokka í knattspyrnu, Aðalsteinn Jóhann Friðriksson, fundi ráðsins.



Í þjálfarahópi yngri flokka í knattspyrnu á árinu sem er að líða voru þau Arnar Pálmi Kristjánsson, Árdís Rún Þráinsdóttir, Bjarki Baldvinsson, Elmar Örn Guðmundsson, Ólafur Örn Guðmundsson, Sarah Elnicky og Tryggvi Grani Jóhannsson. Í byrjun árs og síðar haustdögum létu Árdís, Bjarki, Elmar Örn, Ólafur og Tryggvi af störfum og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra starf í þjálfun. Í þjálfarahópinn bættist við Akil DeFreitas. Einnig störfuðu sem aðstoðarþjálfarar þau Jakob Gunnar Sigurðsson, Elísabet Ingvarsdóttir, Davíð Leó Kristinsson, Arnar Kári Benediktsson, Aron Bjarki Kristjánsson og Tómas Bjarni Baldursson. Bæst hafa við á haustdögum Halla Bríet Kristjánsdóttir, Jóhanna Heiður Kristjánsdóttir og Jón Helgi Brynjúlfsson. Við erum afskaplega stolt af öllum okkar þjálfurum sem stóðu sig frábærlega á árinu. Það eru klár forréttindi að hafa svona duglegt, áhugasamt og hæft fólk í okkar röðum. Birkir Örn Kristjánsson í Smiðjunni sá um styrktarþjálfun 3. og 4. flokks fram að hausti en þá tók Harpa Ásgeirsdóttir við.

Starfið hefur farið fram af krafti á árinu og hafa krakkarnir okkar ferðast um allt land á mót og í leiki þar sem þau voru félaginu okkar til sóma hvert sem þau komu. Við getum svo sannarlega verið stolt af krökkunum okkar. Þeim iðkendum Völsungs sem voru valin í landsliðsverkefni á árinu óskum við innilega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að sjá fjölga í þeim hópi á komandi árum. Völsungsmótið var haldið í lok ágúst og var það afar vel heppnað og vel sótt. Samþætting skóla- og tólmundastarfs var áfram starfandi á árinu og gekk það afskaplega vel. Við erum þegar farin að sjá árangur af verkefninu en iðkendum sem lokið hafa þjálfun í samþættinugunni hefur þegar fjölgað svo um munar. Barna- og unglingaráð vill koma til skila innilegum þökkum til allra foreldrafulltrúa og annarra sjálfbodaliða sem hafa lagt á sig mikið óeigingjarnt starf í þágu félagsins við það stóra verkefni sem það er að halda úti íþróttastarfi barna. Hér að neðan eru pistlar frá þjálfurum hvers flokks um það starf sem fór fram í flokkunum:

## 8. flokkur:

Nú er komið að lokum sumarsins og hefur það verið mjög viðburðarríkt. Árgangur 2018 æfði var tvisvar í viku á gervigrasinu



við Borgarhólsskóla og árgangur 2019 æfði einu sinni. Farið var yfir grunnatriði fótþoltans: knattrak, sendingar og skot. Iðkendur í 8. Flokk hafa aldrei verið fleiri en í sumar eða 43 talsins. 8.flokkurinn fór á bæði Strandarmótið á Dalvík og Völsungsmótið og heppnaðist það mjög vel og höfðu krakkarnir mjög gaman af mótunum sem þau fóru á í sumar. Við þjálfarar viljum þakka leikmönnum og ykkur foreldrum fyrir sumarið.

## 7.flokkur karla:

Nú er komið að lokum sumarsins og hefur það verið mjög viðburðarríkt. Æft var þrisvar sinnum í viku á PCC-vellinum gervigras, þar var farið yfir tækni, sendingar, knattrak og skot. 7.flokkurinn fór á bæði Strandarmótið á Dalvík og Völsungsmót PCC og heppnaðist það mjög vel og höfðu krakkarnir mjög gaman af mótunum sem þau fóru á í sumar. Við þjálfarar viljum þakka leikmönnum og ykkur foreldrum fyrir sumarið.

### 7 flokkur kvenna:

Nú er komið að lokum sumarsins og hefur 7fl kvk staðið sig með þryði. Þær voru í samþættingu í vetur og svo urðu 9 eftir sem ætluðu að æfa í sumar. Þær voru ekki margar og æfðu þær mikið með eða hliðiná 7flkk í sumar og stóðu sig vel þar. Stelpurnar fóru á Strandarmótið á Dalvík og Völsungsmót PCC og mátti sjá miklar framfarir milli móta hjá stelpunum. Gleði og hafa gaman var það sem við settum upp með 7fl í sumar og gekk mjög vel að halda því. Við þjálfararnir viljum þakka 7fl kvk stúlkum fyrir sumarið.



### 6. flokkur karla:

Nú er komið að lok sumarsins og hefur það verið mjög viðburðarríkt. Æft var fjórum sinnum í viku á PCC-vellinum gervigras, þar var farið yfir tækni, sendingar, knattrak og skot. 6.flokkurinn fór á Króksmótið þar sem gíst var ein nótt og Völsungsmótið og heppnaðist það mjög vel og fengu því strákarinnir nóg af leikjum yfir sumarið. Ég vil þakka leikmönnum og foreldrum fyrir frábært sumar.

### 6. flokkur kvenna:

Stelpurnar í sjötta flokki kvenna áttu mjög gott sumar. Hópurinn samanstóð að 17 stelpum sem allar stóðu sig vel, tóku miklum framförum og skemmtu sér mjög vel. Þær fóru á fjögur mót, Hattarmótið á Egilstöðum, ÓB mótið á Sauðárkróki, Síamótið í Kópavogi og Völsungsmót PCC á Húsavík. Á Hattarmótinu var Völsungslíðið valið þrúðasta liðið. Á síamótinu fórum við með þrjú lið sem öll stóðu sig vel. Eitt lið stóð uppi sem sigurvegari í sínum flokki og hin liðin náðu í þriðja og fimmta sæti í sínum keppnum. Sumarið endaði svo á Húsavíkurmótinu þar sem öll þrjú liðin stóðu sig mjög vel. Mjög vel gert í sumar stelpur! – Sarah

### 5.flokkur karla:

Nú er komið að lok sumarsins og hefur það verið mjög viðburðarríkt. Æft var fjórum sinnum í viku á PCC-vellinum gervigras, þar var farið yfir tækni, sendingar, skot og uppspil. 5. flokkurinn tók þátt á Íslandsmótinu þar sem þeir spiluðu tólf leiki samtals og skoruðu í þeim leikjum 15 mörk. Strákarnir tóku einnig þátt á N1 mótinu, þar vorum við með tvö lið og lentu þau í 5 sæti og 3 sæti, einnig unnu þeir háttvísiverðlaun á mótinu og því frábært mót að baki. Ég vil þakka leikmönnum og foreldrum fyrir frábært sumar.

### 5. flokkur kvenna:

Nú er komið að lok sumars hjá 5fl kvk. Í vetur voru þær 12 að æfa og hélst sá hópur út sumarið. Við byrjuðum á Goðamóti í vetur þar sem árangur var góður. Svo í sumar tókum við þátt í Síamótinu og Íslandsmóti. Á báðum vígstöðum gekk þetta upp og niður og það sem sást mikið í sumar að uppgjöf er ekki til hjá þeim. Heilt yfir gott sumar hjá þeim. Ég þakka bæði iðkendum og foreldrum fyrir sumarið.

### 4. flokkur karla

Í fjórða flokki voru 17 leikmenn að æfa. Liðið tók þátt í Íslandsmóti, bikarkeppni og Rey Cup. Íslandsmótið gekk vel, mikið skorað og strákarnir áttu marga frábæra leiki. Lokaniðurstaða var 5 sæti í sinni deild, en strákarnir spiluðu í efsta styrkleika. Selfoss vann deildina með nokkrum yfirburðum, gerðu þrjú jafntefli en tvö af þeim komu einmitt gegn okkur.



Auk þess skoruðu strákarnir mest af öllum liðunum, 51 mark í 14 leikjum. Það kom varla sá leikur þar sem þjálfari mótherjana hrósaði ekki strákunum, enda spiluðu þeir frábæran fótbolta. Við löggðum upp með að þora að spila okkar leik, láta boltann ganga og að spila frá marki. Stundum kom það niður á okkur og við fengum ódýr mörk á okkur, en það mun skila sér í framtíðinni. Á Rey Cup stóðu strákarnir sig líka gríðarlega vel, þeir tóku þátt í efsta styrkleika og enduðu í 6 sæti af þeim 16 sem tóku þátt. Strákarnir geta verið stoltir af sumrinu, þeir mættu með gott hugarfar á hverja einustu æfingu og í hvern einasta leik, allir að reyna að bæta sig og það gerðu þeir svo sannarlega. Takk fyrir sumarið strákar.

#### 4. flokkur kvenna:

Stelpurnar í fjórða flokki kvenna spiluðu með þriðja flokki kvenna í Íslandsmóti í sumar. Það var krefjandi að takast á við verkefni að keppa við stelpur sem voru einu, tveimur og jafnvel þremur árum eldri. En stelpurnar voru tilbúnar í að takast á við það verkefni og gerðu það mjög vel. Allar þroskuðust og bættu sig mikið að keppa í þessu umhverfi. Fjórði flokkur tók svo þátt í bikarkeppni og komust þær alla leið í undanúrslit eftir að hafa unnið Tindastól, Fram og Breiðablik á leiðinni þangað. Eftirtektarvert aftrek sem stelpurnar mega vera stoltar af! Stelpurnar tóku einnig þátt í Rey Cup. Þar spiluðu þær marga góða leiki og unduðu mótið í 3 sæti sem er vel gert. Til hamingju með skemmtilegt og gott sumar stelpur!



#### 3. flokkur karla:

Nú er sumarið alveg að taka enda hjá 3fl kk. Ég tek við þeim í byrjun sumars þannig ég er ekki alveg með á hreinu hvað þeir gerðu í vetur. Strákarnir hafa ekki verið margir heldur 10 til 11 á æfingum og gef ég þeim hrós fyrir dugnað að mæta þrátt fyrir lítinn hóp. Við höfum fengið að æfa með Mfl kvk inná milli til að bæta aðeins við töluna á æfingum. Strákarnir eru núna í sinni 3 lotu á Íslandsmótinu. í fyrstu lotu gekk brösulega og duttum við niður um styrkleika. Í seinni lotunni byrjuðum við ekki vel og sóttum ekki nógu mörg stig en þrátt fyrir það erum við núna að spila í lotu 3 og höfum ekki tapað stigi í þeirri lotu og mætti segja að allt annað lið er mætt til móts núna. Við höfum alltaf fengið 4.flokks drengina með okkur í leiki og standa þeir sig alltaf með þryði. 3. flokkur er saman safn af flottum drengjum sem ég hef trú á að endi í mfl leikjum í framtíðinni. Takk fyrir mig í sumar og þakka öllum þeim sem hafa komið að 3fl kk.

#### 3. flokkur kvenna

Þriðji flokkur kvenna átti gott sumar. Þær sameinuðust fjórða flokki og með hverjum leiknum sem þær spiluðu mátti sjá framfarir og má segja að þeirra albestu leikir hafi verið nú á haustdögum! Hápunktur sumarsins var á Rey Cup. Þar fengu þær að spila á móti stórlíði Bayern Munich og einnig enska liðinu Brighton. Þrátt fyrir að það mætti sjá að stelpurnar væri stressaðar þegar þær voru að hita upp. Þá voru þetta eftirminnilegustu leikir sumarsins og kannski jafnvel þeirra bestu í sumar! Á móti Bayern Munich náðu stelpurnar að halda jöfnu í hálfleik þar sem þær sýndu mikið hugrekki í sinni framistöðu. Á móti Brighton komust þær snemma yfir og spiluðu sennilega sinn besta leik sumarsins. Tveir frábærir leikir á móti tveimur frábærum liðum sem sýndi okkar stelpum hversu góðar þær geta verið ef þær ná að sýna sínar bestu hliðar! Það eru ennþá þrír leikir eftir af tímabilinu og vonandi tekst stelpunum að halda áfram að bæta framistöðuna og spila góða leiki og enda á eins góðan hátt og mögulegt er. Vel gert hjá ykkur stelpur!

**Barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar Völsungs  
óskar öllum okkar iðkendum og aðstandendum þeirra gleðilegra jóla og farsæls fótboltaárs 2025.  
Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs, Berglind Jóna Þorlákssdóttir & Sólveig Ása Arnarsdóttir.**







## Völsungsmót PCC

Völsungsmót PCC var haldið 1. september þar sem ríflega 900 krakkar komu og spiluðu fótbolta í góðu veðri. PCC er aðal styrktaraðili mótsins og eru við mjög ánægð með þann stuðning. Mörg önnur fyrirtæki á Húsavík styrktu okkur einnig með ýmsum hætti með því að kaupa velli, mótsgjafir, merkja velli eða með öðrum hætti og þökkum við styrktaraðilum sérstaklega vel fyrir þeirra aðkomu.

Mótið er dagsmót sem haldið er fyrir 8., 7. og 6. flokk stráka og stelpna og komu lið víða af Norður- og Austurlandi. Norðurþing bauð svo keppendum frítt í sund að móti loknu og Olís á Húsavík gaf ís. Norðlenska og Nettó styrktu mótið eins og undafarin ár með því að gefa keppendum pylsur og drykk að keppni lokinni. Skipuð var sér mótsnefnd sem hafði veg og vanda að undirbúningi ásamt Barna- og unglingaráði, Framkvæmdastjóra Völsungs og fleirum góðum Völsungum. Mótið var vel skipulagt og gekk vel í alla staði. Slíkt mót er ekki hægt að halda án stuðnings foreldra og annarra sjálfbóðaliða sem komu að uppsetningu og frágangi mótsins, tóku sjoppu- og grillvaktir eða dæmdu leiki.

Það var frábært að sjá hversu margir voru viljugir að hjálpa til og aðstoða. Það er stærsti stuðningurinn sem svona mót þarf. Hagnaður Völsungsmótsins er nýttur í rekstur og búnaðarkaup fyrir barna- og unglingsaliðin okkar.



# Vinir við veginn

Við óskum Húsvíkingum og öðrum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum frábærar viðtökur við nýjustu viðbótinni í Olísfjölskyldunni, Lemon Mini.



**olis**

# Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

## „Á ég að gera það?“ – mikilvægi sjálfbóðaliðans

Íþrótt- og tómstundastarf um land allt er drifið áfram af sjálfbóðaliðum og á þetta sérstaklega við um minni félög og minni samfélög. Þeir verja tíma sínum í margvísleg samfélagsleg verkefni af umhyggju og ósérhlífni. Árið 1985 gerðu Sameinuðu þjóðirnar 5. desember að Alþjóðlegum degi sjálfbóðaliða um alla heim. Tilgangurinn með þessum degi er að vekja athygli á framlagi þeirra í samfélaginu og í raun hversu mikilvægt starf er unnið í sjálfbóðavinnu. Sjálfbóðavinna felur alltaf í sér að einstaklingurinn velur sér starf að sinna og fær ekki greitt fyrir vinnu sína með hefðbundnum hætti – og stundum jafnvel litlar þakkir en allur almenningur nýtur góðs af starfinu.

Starf sjálfbóðaliðans er fjölbreytt en það getur verið m.a. með að sitja í stjórnnum, taka þátt í foreldrastarfi eða hjálpa til við framkvæmd móta, kappleikja og/ eða annarra viðburða. Þegar barnið þitt fer á mót, keppnir eða heldur sýningar eru það sjálfbóðaliðar sem standa í sjoppunni, setja upp aðstöðuna, þrifa hana, standa að skipulagi og skráningu.

Umræðan hefur þó aukist til muna núna um hversu erfitt það er að fá fólk til að taka að sér ýmis verkefni í sjálfbóðavinnu. Fólk forgangsraðar og velur og sjálfbóðaliðastarfið fellur utan þess sem tími gefst til að gera. En að sama skapi erum við ekki tilbúin til að gefa neitt eftir í væntingum þegar kemur að störfum sjálfbóðaliðans heldur jafnvel búumst við meira af þeim. En hver á þá að gera hlutina? „á ég að gera það?“

Ég tel það vera hluti af því að vera samfélagsþegn að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi og er ávinningurinn ótvíræður bæði fyrir félagið og einnig fyrir sjálfbóðaliðann sjálfann. Þátttaka í slíkri vinnu getur verið tækifæri til að kynnst rekstri félagasamtaka og einnig er þátttaka og stuðningur foreldra mjög mikilvægur börnum og ungmennum, og eykur líkur á að barnið haldi áfram að stunda til dæmis íþróttir.

Starf sjálfbóðaliðans er langt í frá sjálfgefið og ber að meta að miklum verðleikum hverju sinni. Mig langar að hvetja íbúa til að leggja sitt að mörkum og taka þátt í starfi sjálfbóðaliðans hjá ykkar félagi. Að sama skapi hvet ég fólk til að vekja sérstakan gaum á starfi sjálfbóðaliðans og þakka viðkomandi fyrir sitt starf. Sjálfbóðaliðar eru auðlind íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar og án þeirra er ekki hægt að halda úti öflugum íþrótt- og félagsstarfi.

**Hafrún Olgeirsdóttir íþrótt- og tómstundafulltrúi Norðurlþings**



Óskum öllum  
Völsungum gleðilegra jóla  
og farsældar  
á nýju ári.

**Verstum í heimabyggð!**  
**Áfram Völsungur!**





---

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár

---

Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



**HÁRIÐJAN**  
Ella og Veronika

Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



SAH BRETTI - Urðargerði 1 - 640 Húsavík  
Símar: 464 1020 & 864 1020 - Kt.: 650808-2230



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.





Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.



Skorum með þrumuskotum á nýju ári.



**Jólagjöf**  
veiðimannsins



Sjáumst á unglíngalandsmóti UMFI 2025 á Egilsstöðum



Héraðssamband Þingeyinga óskar velunnurum íþróttahreyfingarinnar gleðilegra jóla og farsælar á komandi ári.  
Sérstakar þakkir til sjálfboðaliða fyrir óeigingjörn störf í þágu hreyfingarinnar



# Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á [landsbankinn.is](https://www.landsbankinn.is).



# Íþróttaskóli Völsungs



Íþróttaskólinn hefur fyrir löngu fest sig í sessi og verið órjúfanlegur partur af laugardags dagskrá fjölskyldna á Húsavík og nágrenni.

Íþróttaskólinn hefur verið á laugardögum undanfarna vetur og engin undantekning á því á árinu. Iðkendafjöldinn hefur haldist stöðugur undanfarin ár, um 50-70 börn skráð hverja önn og mæting og þátttaka verið góð. Við höfum unnið með að auka samhæfingu, styrk, úthald og leikgleði til þess að undirbúa börnin fyrir samþættingarverkefnið og áframhaldandi íþróttaiðkun. Samstarf íþróttaskólans við Crossfit stöðina á Húsavík hefur gengið vel og nokkrir tímar verið færðir þangað þegar íþróttahöllin er bókuð fyrir stærri viðburði. Við erum mjög þakklát fyrir vini okkar í Smiðjunni og þökkum þeim kærlega fyrir afnotin af aðstöðunni þær helgar sem við höfum þurft á að halda. Á haustönn 2024 fékkst einnig vilyrði eftir fyrirspurnir foreldra að opna litla salinn í höllinni fyrir börn undir tveggja ára aldri og hefur verið góð mæting í þau skipti sem við höfum getað boðið upp á þann möguleika. Við munum halda þeirri opnun áfram og hvetjum við foreldra barna sem hafa ekki náð lágmarksaldri að nýta sér litla salinn á laugardögum milli 9:30 og 11:30.

Við þökkum fyrir árið og óskum iðkendum, aðstandendum og Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýjum ári.

**Íþróttaskólajólaþakveðjur,  
Ísak Már og Selmdís.**



Óskum Húsvíkingum  
og nærsveitungum  
gleðilegra jóla  
og farsældar  
á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnu ári.

FISKELDID  
**HAUKAMÝRI**

Óskum viðskiptavinum okkar  
og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla  
og gæfuríkt nýtt ár.  
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

*Kær kveðja,  
Starfsfólk Bílaleigunnar*



**b** **Bílaleiga Húsavíkur**  
Garðarsbraut 66 • Húsavík  
Símar 464 2500 & 892 3436

Starfsfólk ÍSFELL  
óskar öllum gleðilegra  
jóla og farsældar  
á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**ÍSFELL**



Okkar bestu óskir um

*Gledileg jöl  
og farsælt  
komandi ár.*

Sérstakar þakkir til allra  
Völsunga fyrir gæfuríkt  
samstarf á liðnu ári.

**pcc**  
Bakki Silicon®



# Almenningshlaup 2024

Hlaupasportið heldur áfram að vera tiltölulega vinsælt á Húsavík. Hlaupahópurinn Skokki hittist sem fyrr tvisvar í viku en föstum iðkendum hefur því miður fækkað mikið undanfarin ár. Hinsvegar má heilt yfir sjá töluverða fjölgun iðkenda sem hlaupa á eigin vegum allan ársins hring, ekki síst hjá konum. Þetta hefur skilað sér í fleiri húsvískum keppendum í almenningshlaupum í nágrenninu. Þannig mátti finna þónokkra húsvíska keppendur í Dyrfjallahlaupinu á Borgarfirði Eystri, Mývatnsmaraþoni og Volcano Run. Þá tóku vel á annan tug húsvískra hlaupara þátt í Jökulsárhlaupinu í ár sem er með því besta sem verið hefur lengi. Botnsvatnshlaupið var haldið á Mærudögum og þar tóku þátt 80 manns sem er það næstmesta hingað til eftir því sem heimildir greinarhöfundar komast næst. Brautarmet voru sett bæði í karla- og kvennaflokki og ekki annað hægt að segja en að viðburðurinn hafi slegið í gegn þrátt fyrir að hitta á sama tíma og aðrir fjölmennir viðburðir.



Það má aldrei gleyma því að það besta við hlaupasportið er útiveran og "æfingaaðstaðan" sem er auðvitað allt vega og stígakerfi sem hægt er að nálgast hverju sinni. Samvera í hóp er oft vanmetinn þáttur en góður félagsskapur er líklegur til að halda manni við efnið, ekki síst yfir dimmustu vetrarmánuðina. Það þarf enginn að stunda hlaup með neinu sérstöku markmiði öðru en að viðhalda góðri heilsu. Undirritaður hvetur þó allt áhugasamt fólk til þess að taka þátt í einhverjum af þeim fjölmörgu hlaupaviðburðum sem haldnir eru í nærhéraði. Þetta eru skemmtilegir viðburðir sem gaman er að taka þátt í óháð getustigi. Flestöll almenningshlaup eru haldin í sjálfböðavinnu og framtíð þeirra eru ávallt háð þátttöku almennings fyrst og síðast.

**Með jólakveðju  
Heiðar Hrafn Halldórsson**





## Landsliðsverkefni

Íslensku landsliðin í blaki tóku þátt í riðlakeppni Silver-league sem verkefni á vegum CEV. Þar áttu Völsungar sína fulltrúa þar sem þeir Hreinn Kári og Aron Bjarki tóku þátt í verkefninu að hluta. Leikmenn okkar í kvennaflokki höfðu ekki tök á að taka þátt í verkefninu að þessu sinni vegna anna. Við reiknum þó með að eiga einhverja fulltrúa þegar liðin koma saman aftur í maí fyrir Silver-league og Evrópukeppni smáþjóða þar sem alls voru 11 leikmenn frá Völsung boðaðir til æfinga með A-landsliðunum núna í desember. Þær æfingar marka upphafið á undirbúningi fyrir verkefni landsliðanna næsta vor.



## U17

Í október fór síðan fram Norður-Evrópumót landsliða (NEVZA) í U17 og U19 eins og venja er. Þar áttu Völsungar einnig sína fulltrúa sem voru í stórum hlutverkum.

Í U17 karla, sem fram fór í lkast í Danmörku, spiluðu þeir Aron Bjarki Kristjánsson og Jón Andri Hnikarsson. Aron Bjarki var fyrirliði Íslands í mótinu og náði liðið alla leið í úrslit þar sem liðið tapaði fyrir sterku liði Finnlands 3-1. Silfurverðlaun raunin og er þetta besti árangur íslenska karlaliðsins á NEVZA frá upphafi. Glæsilegur árangur hjá þeim félögum.

U17 kvenna landsliðið stóð sig einnig frábærlega í mótinu og enduðu stelpurnar í 3. sæti. Með liðinu spilaði Inga Björg Brynjúlfsdóttir sem spilaði sína fyrstu landsleiki á þessu móti og stóð sig mjög vel. En hún var einmitt einnig valin til að spila með U19 landsliðinu viku seinna.



## U19

NEVZA U19 fram fór í Færeyjum að þessu sinni, viku eftir U17 mótið. Þar spiluðu þeir Aron Bjarki, Hreinn Kári Ólafsson og Sigurður Helgi Brynjúlfsson fyrir karlaliðið sem endaði í 6. sæti mótsins.

Í U19 kvenna spiluðu þær Sigrún Marta, Kristey Marín, Heiðís Edda, Sigrún Anna og Inga Björg. Glæsilegur hópur frá grænum. Liðið spilaði vel á mótinu og endaði í 4. sæti eftir grátlegt tap fyrir Noregi í leik um 3. sætið.

## Yngri flokkar

Starfið var öflugt eins og síðustu ár. Haldin voru héraðsmót á norðurlandi ásamt því að félagið sendi lið Íslandsmóti að vori.

Íslandsmótið er samtengt og því geta aðeins lið sem tóttu í Íslandsmóti yngriflokka var þannig:

U14kk – ÍSLANDSMEISTARAR

U14kvk – 10. sæti

U16kk – 4. sæti

U16kvk – 4. sæti

Bikarmótið var haldið á Akureyri að þessu sinni. Þar átti Völsungur nokkra þátttakendur.

U14kvk – 9. sæti

U16kvk – 7. sæti

U16kk – 4. sæti

U20kk – 3. sæti

U20kvk – 3. sæti

Sannarlega flottur árangur hjá félaginu í heildina. Í haust tóku svo nokkrir iðkendur þátt í afreksbúðum BLÍ bæði í Mosfellsbæ sem og á Akureyri og stóðu sig mjög vel.

### Almenningsblak

Ágætur gangur hefur verið í kvennablakinu hjá félaginu í vetur eins og síðasta vetur. Erfiðlega hefur gengið að ná körlunum úr einangruninni eftir Covid en vonandi fer það að breytast fljótlega.

Völsungur hélt einnig sitt árlega Nýármót í byrjun janúar sem tókst einnig mjög vel. Þá stóð félagið einnig fyrir stuttu hraðmóti í Nóvember sem



Þá má geta þess að Sigrún Marta Jónsdóttir, blakkona ársins 2023, var valin ípróttakona Völsungs fyrir árið 2023 í hófi sem haldið var í mars

og einnig ípróttakona HSP. Frábært afrek hjá magnaðri blakkonu.

Eins og sjá má á þessari samantekt þá er starf deildarinnar í miklum blóma og nóg m að vera á flestum vígstöðum. Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga hefur verið góður og þökkum við kærlega fyrir samstarfið og aðstoðina sem okkur hefur verið eitt.

Starfið heldur áfram og framundan eru ýmis mót og leikir og treystum við á að húsvíkingar og nærsveitarfólk standi áfram við bakið á blakdeildinni og haldi áfram að mæta á heimaleiki, hvetji og styðji okkar fólk.

Blakdeild Völsungs óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Náttúrustofa óskar  
Þingeyingum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.



Náttúrustofa  
Norðausturlands

# Sund

## Sundnámskeið fyrir leikskólabörn

Á vordögum var haldið, líkt og undanfarin ár, sundnámskeið í sundlaug Húsavíkur fyrir þrjá elstu leikskólaárgangana. Veðrið var aldeilis að stríða okkur í vor og var námskeiðinu seinkað um einn dag. Við kennararnir munum ekki eftir að hafa kennt námskeiðið í svona miklum kulda og snjókomu áður. Starfsmenn sundlaugar voru frábærir og hækuðu hitann fyrir okkur í lauginni.

Námskeiðið sóttu rúmlega 70 börn á aldrinum 4-6 ára sem er fjölmennasta námskeið sem hefur verið haldið. Kennt var í sex aldursskiptum hópum og var hverjum hópi kennt í 30 mínútur í senn, alls átta skipti. Markmiðið með námskeiðinu var fyrst og fremst að börnin myndu öðlast öryggi og vellíðan í vatni í gegnum margvíslega leiki en einnig var unnið markvisst með flot og köfun og grunn sundtækni, allt eftir þroska og getu hvers hóps. Til að vinna að markmiðum námskeiðsins með börnunum var m.a. notast við flotnúðlur, korka, flotdýnur og ýmislegt köfunardót. Námskeiðið var skipulagt þannig að börnin koma í fylgd forráðamanna sem aðstoða þau í gegnum sundklefana og taka kennarar við börnunum ofan í lauginni ásamt aðstoðarmönnum en við höfum verið svo lánsöm að vera í samstarfi við vinnuskólann og fengið duglega krakka til liðs við okkur. Í sumar aðstoðuðu Inga Björg, Jón Helgi og Jón Stefán okkur. Einnig kom Dagbjört Lilja við sögu. Við þökkum bæði þessum flottu krökkum og Norðurþingi fyrir aðstoðina við námskeiðið.

Það var afar ánægjulegt að vinna með börnunum á námskeiðinu, bæði að upplifa gleðina og hugrekkið sem einkenndi þau og einnig að sjá hvernig öryggið og færnin jókst með hverjum tímanum. Mörg börn voru að koma á sitt fyrsta sundnámskeið en önnur að ljúka sínu þriðja námskeiði en öll tóku þau framförum, hvert á sinn hátt. Flest voru farin að kafa og mörg voru farin að geta bjargað sér með sundtökum nokkra metra á grunnu lauginni. Leikskólasundið kemur sér vel þegar kemur að því að fara í grunnskóla og skólasund því við vitum að þau börn sem hafa verið hjá okkur á námskeiði koma vel undirbúin fyrir fyrsta árið í skólasundi.

Við þökkum sundnemendum okkar og foreldrum fyrir ánægjulega samveru í sundlauginni í sumar og hlökkum til að taka á móti gömlum og nýjum sundnemendum næsta vor.

**Jóla Sveinbjörn,  
Adda og Valdís**



# Hjól

## Hjóladeild Völsungs fer hér yfir helstu atriði ársins 2024

Veturinn var nýttur til þess að vinna í haginn fyrir sumarið. Nokkur vinnukvöld voru haldin þar sem meðlimir smíðuðu palla og brýr sem er ætlað að koma fyrir á ýmsum stöðum, bæði á slóðum og á æfingasvæði í stöllum.

Stjórnarfundur var haldinn í apríl, árið 2023 var gert upp og kosin stjórn en hún situr óbreytt frá fyrra ári.

Í maí var haldið hjólanámskeið í samstarfi við Jóhann Arnór Elíasson, íslandsmeistara í downhill hjólræiðum, og Sjóvá sem að styrktu okkur í þessu verkefni. Námskeiðið var yfirgripsmikið og augljóst að hann hefur mikla reynslu og þekkingu. Námskeiðið var vel sótt og var til mikilla bóta fyrir þá aðila sem komu. Farið var yfir tækni og öryggismál varðandi hjólræiðar til þess að auka færni þeirra sem námskeiðið sóttu

Í byrjun sumars var farið í að skoða gamlan stíg sem liggur frá Reykjaheiðarvegi og niður að golfvelli, leið sem er á frábærum stað en fáir nýta þar sem neðsti kaflinn var mjög grýttur og erfiður yfirferðar. Í samstarfi við Norðurþing var farið í að laga neðsta kaflann, tókst sú framkvæmd mjög vel og er þessi leið frábær viðbót við sífellt vaxandi leiðarkerfi á svæðinu.


Hjólabrautin var einnig yfirfarin í byrjun sumars, slóðar lagaðir eftir veturinn og allt gert klárt fyrir sumarið. Þessi braut er sífellt meira notuð eftir því sem árin líða og hefur sannað sig sem mikilvæg viðbót í flóru útivistar á svæðinu.

Unnið var meira í stalla svæðinu í sumar, leiksvæðinu var breytt og pallar lagaðir. Svæðið var lagað til að ræsta betur vatn frá því og svokallaður drop pallur var settur upp. Næsta sumar stendur til að gera enn betur á þessu svæði með því að setja veltipall og tré stíga til þess að geta betur æft tækni og jafnvægi

Unnið er að því að uppfæra aðalskipulag Norðurþings og er hjóladeildin, ásamt fleirum, að koma að því verkefni með sveitarfélaginu. Skemmtileg vinna þar fram undan og mikið er gert með uppbyggingu útivistarsvæða í þessu samhengi. Eitthvað sem er gríðarlega jákvætt og við teljum hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Eins og oft áður skiptir veður miklu máli í þessu sporti og sumarið var ekkert það besta í því samhengi. Var því mikið minna gert er við vonuðumst til. Við gerðum samt það besta sem hægt var miðað við aðstæður og vonumst til að næsta sumar komi sterkt inn með betra veðri og meiri uppbyggingu

## Stjórn Hjóladeildar Völsungs





*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á nýju ári.*

*Bestu þakkir fyrir viðskiptin  
á árinu sem er að líða.*



*Trésmiðjan Rein*




*Norðurþing óskar íbúum  
sveitarfélagsins og landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári*





# *Gledileg jól*

*KEA óskar félagsmönnum  
sem og samstarfsaðilum sínum  
gledilegra jóla og farsældar á nýju ári*








# \* Jólakveðja \*

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í  
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og  
fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og  
landsmönnum öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Þingið  
Hrunabúð SF



ÓSKUM  
VÖLSUNGUM  
OG LANDSMÖNNUM  
ÖLLUM  
GLEÐILEGRA JÓLA  
OG FARSÆLDAR  
Á NÝJU ÁRI.

Gleðileg jól  
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF EHF

hérna  
HÚSAVÍK





*Við óskum ykkur  
gleðilegrar hátíðar og  
farsældar á komandi ári*





# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Starfsfólk Íslandsbanka óskar bæjarbúum og öllum  
Þingeyingum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.  
Við þökkum um leið hlýjar viðtökur á nýju útibúi  
okkar sem opnaði fyrr á árinu.

# Fimleikar

## Jólaeveðja frá fimleikadeildinni

### Iðkendur og þjálfarar:

Fimleikastarfið hefur tekið stökk fram á við á síðasta ári, þótt enn séu tækifæri til frekari vaxtar. Æfingar hafa verið haldnar einu sinni til tvisvar í viku og iðkendum skipt í þrjá hópa eftir aldri og getu. Þetta nýja fyrirkomulag byggir á hæfniviðmiðum sem deildin hefur tekið upp, þar sem lögð er áhersla á að hver iðkandi fái að þroskast og ná árangri á sínum eigin hraða.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á styrk, grunnæfingar, líkamsbeitingu og stökk, sem hefur borið ávöxt. Iðkendur hafa staðið sig gríðarlega vel og má sjá mikinn árangur eftir að hóparnir urðu minni og markvissari. Nú eru á bilinu 30-40 iðkendur skráðir hjá deildinni, þar af nokkrir sem ferðast alla leið frá Mývatnssveit til að æfa með okkur. Það er til marks um áhugann og metnaðinn sem ríkir í deildinni.

Til að styðja iðkendur og styrkja starfið betur hefur deildin einnig lagt áherslu á þjálfun þjálfara með viðeigandi námskeiðum.



### Vorsýning deildarinnar:

Í júní var haldin glæsileg vorsýning þar sem iðkendur á öllum aldri sýndu listir sínar á hinum ýmsu áhöldum. Sýningin var virkilega vel heppnuð og mætingin framur öllum vonum. Við tókum á móti frjálsum framlögum og var iðkendum veitt viðurkenningarskjal í lok sýningar.

### Þjálfari að sunnan:

Í byrjun desember fengum við þann heiður að taka á móti Kristni Þór, deildarstjóra og þjálfara hjá Gerplu, til að halda æfingahelgi fyrir iðkendur. Kristinn er með 30 ára reynslu í fimleikaþjálfun og var meðal þjálfara íslenska landsliðsins sem varð Evrópumeistari í október. Hann deildi með okkur ómetanlegri þekkingu og reynslu. Þessi heimsókn var einstök gjöf fyrir bæði iðkendur og þjálfara okkar og mun vonandi hafa langvarandi áhrif á starf deildarinnar. Við hlökkum til að halda áfram á þessari vegferð með ykkur öllum á nýju ári.



**Bestu jólaeveðjur  
og farsæld á komandi ári.**

**Stjórn fimleikadeildar Völsungs**



# Skíðaganga

Þegar þetta er ritað á miðri „Aðventunni“ í 10°C og S/Vestan sperringi er ekki laust við að maður bölví í hljóði, horfandi á allan þennan fína gönguskíðasnjó hreinlega renna burt. En gönguskíðaveturinn 2024 var um margt ágætur, snjóalög allgóð, en það var einna helst ófriðurinn í logninu á „Heiðinni“ sem ýtti undir lágarenninginn alræmda. Þetta gerði okkur gönguskíðafólkinu erfiðara fyrir að finna sporið og jafnvel bílastæðið oft á tíðum. En eins og alltaf á Gömlu Vík birtir upp og brestur á með einmuna blíðu og þannig dagar litu a sjálfsögðu dagsins ljós líka. Þá iðar allt Reyðarárhjúkssvæðið af lífi.

Buchgangan átti að fara fram á laugardegi Um Páska, 30. mars. Allar aðstæður voru fyrsta flokks en þá tók móðir náttúra „veðrið“ í sínar hendur og henti í okkur þrálátum stórhriðum, illviðrum og að endingu „snjóflóðahættu“, svo loka þurfti svæðinu. Eftir mikið þrátefli við náttúruöflin og margar frestanir, tókst okkur loks að halda Buchgönguna á sjálfan 1. maí. Aðstæður voru alveg þrýðilegar og hafði Sigga Hreins tekist mjög vel að troða fádæma góð keppnisspor. Þrátt fyrir endalausar frestanir mættu þó um 50-60 keppendur, víðs vegar að öllu landinu á öllum aldri og gengu ýmist 5-10 eða 20 km.

Að keppni lokinni fengu að sjálfsögðu allir keppendur og aðrir gestir sér hressingu í boði Norðlenska-Kjarnafæðis, MS, og Nettó. Einnig fékk mótsnefnd góða aðstoð frá Trésmiðjunni Rein, Framsýn, Ísfelli/GG.sport, Belkod, Geosea og síðast en ekki síst, Norðurþingi.

Buchgangan er ein af sjö göngum „Íslandsgöngunnar“, en hinar eru „Hermannsgangan“ Akureyri, „Bláfjallagangan“, „Fjarðargangan“ Ólafsfirði, „Strandagangan“ Hólmavík, „Fossavatnsgangan“ Ísafirði og síðust er vanalega „Fjallagangan“, haldin í nágrenni Egilsstaða á Fjarðarheiði.

Gaman er að nefna að Völsungur átti þátttakendur í öllum göngunum sjö. Markmið „Íslandsgöngunnar“ er að allir geti tekið þátt, jafnt byrjendur sem ólympíufarar og hefur þetta gengið vel eftir og iðkendum fjölgað alveg gríðarlega síðastliðin ár.

Svona í lokin er vert að nefna samvinnuverkefni Norðurþings og áhugafólks um skíðagöngu hér á Gömlu Vík. Verkefnið felst í því að búa til upplýstan 1 km. hring upp við Reyðarárhjúk. „Ljósahringurinn“ er því sem næst klár og eiginlega bara beðið eftir örlítið meiri snjó á heiðina. Þá verða ljósin kveikt og því engin afsökun lengur fyrir því að mæta ekki og prófa gönguskíðin. Næsta verkefni á heiðinni er svo að undirbúa endurnýjun á húsakosti þar efra.

Skíðagöngunefndin óskar öllum Völlumurum nær og fjær, sem og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

(Daglegar uppfærslur um aðstæður og skíðaspor verða birtar á Facebooksíðu „Skíðasvæðis Norðurþings“.)





Fyrstu skíðatogbrautir í Húsavíkurfjalli og framkvæmdasaga þeirra:

# Minningar úr Melnum



Bjarni Sveinsson.

Fimm ungir skíðamenn troða mjúkan vorsnjóinn neðst í Dagmálalág í Húsavíkurfjalli í taktföstum hliðargangi. Það er þriðjudagur og aðeins sólarhringur síðan þeir voru að etja kappi við jafnaldra sína allsstaðar að af landinu á Íslandsmeistaramóti unglunga 1965, sem haldið var á skíðasvæðum Reykvíkinga nýliðna páskahelgi.

Síðdegissólin er enn hátt á lofti yfir alhvítum Kinnarfjöllunum sem speglast í djúpbláum flóanum. Þeir njóta félagsskapar hvers annars, hafa nægan tíma til að spjalla á leiðinni upp enda keppnistímabilinu lokið og ekkert sem rekur þá áfram nema ánægjan að skíða niður fjallið í sindrandi mjöllinni.

Umræðuefnið þetta sinn brennur þó verulega á þeim: Sárgraetilegt aðstöðuleysið sem kristallast hafði í hugum þeirra á nýafstöðnu landsmóti þar sem T-lyftur og togbrautir þóttu sjálf-sagðar á öllum skíðasvæðum.

„Þeir voru nú ekkert að mala okkur samt“, sagði einn þeirra.

„Nei, en við gætum samt gert helmingi betur“, sagði annar.

Hinir samsinntu.

„Ef við hefðum togbrautirnar þeirra gætum við verið að sópa að okkur medalíum“, bætti þriðji við og snéri sér í brattanum.



Fjórir fræknir og fljóttir. Sigurjón, Þórhallur, Héðinn og Björn.

„Sammála! Án togbrauta komust við ekki lengra, drögumst bara hægt og rólega aftur úr“, sagði sá fjórði.

Sá efsti hætti að troða og hallaði sér fram á stafina. Hinir stoppuðu troðsluna líka og litu upp.

„Það er heila málið! Viljum við það?“ spurði hann með þunga.

„NEI!“ svöruðu allir í kór.

## Planið

Hálftíma seinna, þegar á toppinn var komið, lá planið fyrir: Að koma upp nútímalegu, lyftuvæddu og raflystu skíðasvæði í bænum þeirra á næstu tveimur sumrum. Fyrri áfangi yrði bráðabirgðatogbraut í Skálamel, tilbúin fyrir fyrstu snjóa þá um haustið.

Sumir hefðu kallað plan þetta nokkuð við vöxt hjá fimmtán ára ungling-

um.

Verkið yrðu þeir sjálfir að vinna og treysta auk þess á góðvild manna og nærumhverfi sitt, því hvergi voru sjóðir til að fjármagna slíkar hugsjónir.

„Þetta reddast“ hugarharið og þessi ódrepanði bjartsýni unglingspilta sem farnir eru að finna til mánadómsins, handvissir um að þeim séu allir vegir færir, varð leiðarljós þeirra næstu misseri á vegferðinni að þessu metnaðarfulla markmiði.

## Efasemdarreddir þögnuðu

Sumarið leið og piltarnir ræddu áform sín af og til, þegar þeir hittu og hvað gera þyrfti. Sumarvinna þeirra dró þó úr framkvæmdum en hugmyndir fæddust og mótuðust.

Það var ekki fyrr en um haustið og



Á þessum árum var Sigrún Þórhalls frækjust skíðakvenna á Húsavík.

gagnfræðaskólinn hófst á ný, að tími gafst til framkvæmda.

Einn þeirra hafði unnið á dráttarvél á síldarplani frænda sinna um sumarið. Honum hafði tekist að sannfæra þá um að dráttarvélin þeirra myndi gagnast mun betur sem drifafli fyrir skíðatogbraut um veturinn en að standa ónotuð inni í skemmu fram á næsta sumar. Þar með var stórum áfanga náð. Nú var bara að bretta upp ermar.

Allir sem leitað var til virtust smitast af eldmóði félaganna.

Á vélaverkstæðinu Foss, tókst þeim að fá þá verkstæðisvinnu sem nauðsynleg var á dráttarvélinni og útbúa endastöð uppi, úr jeppahásingu sem þeir báru upp Melinn í áföngum.

Eini kaðallinn sem fannst á Húsavík og var nógu langur var frekar grónn virmanilla hjá útgerðarfélaginu Barðanum. Hún var fól og reyndist svo gefins þegar Þór P. var búinn að koma með hana uppeftir, á þ 45, og líta á framkvæmdir piltanna kinkandi kolli brosmildur.

Annað efni, ókeypis akstur og fleira nauðsynlegt féll sömuleiðis til án mikils eftirgangs.

Sjálfir gengu þeir í öll verk sem þurfti og þeir gátu unnið svo þetta hefðist.

Í litlu samfélagi fer svona athafnasemi ekki hljótt. Í fyrstu heyrðust efasemdarreddir og góðlátlegar athugasemdir um skýjborgir og ungedingshátt, en þeir sem máli skiptu fylgdust með framvindunni af forvitni sem fljótt breyttist í áhuga. Nærumhverfið í litlum samfélögum getur nefnilega verið býsna jákvætt og örlátt við þá sem á annað borð reyna að bjarga sér sjálfir. Það hófðu þeir nú sannreynt.

Í fyrstu snjóum var þessi frumstæða dráttarbraut fullgerð. Fyrri áfangi plansins var í höfn og það á tilsettum tíma.

Nútíma vinnueftirlit hefði líklega gert alvarlegar athugasemdir við þessa frumgerð þeirra í lyftusmiði



Hér eru skíðakappar á ferð uppi í Krubb. Toggi Sigurjóns, Diddi, Baddi Sveins, Stjáni Eysteins, Björn Haraldar, Ármann Sigurjóns, Siggí Steini og Héddi. Myndin er tekin 1965 af BFH.



Hér eru nokkir skíðamenn á Húsavík á 40 ára afmælishátíð Völsungs 1967. Hér má m.a. þekkja Stebba Stebb, Gumma Donda, Sudda Har, Steina Bróa, Stjána kamb, Helga Steinþórs, Halla Har, Simma Togga, Gunnsu í Hulduhól, Bjarna Sveins, Togga Sigurjóns, Björn Har, Stjána Eysteins, Alla Kalla, Sigurjóns Páls og Þórhall Bjarna.

og varla veitt starfsleyfi. Og eftir á að hyggja var það lán að alvarlegra slys en handleggsbrot hlaut ekki af notkuninni.

Togbraut þessi þjónaði skíðaæsku Húsavíkinga eftir því sem efni stóðu til þennan vetur.

### Meðbyr í bænum

Félagarnir notuðu veturinn til að meta þessa frumraun sína á gagnrýnninn hátt og gera áætlanir um endurbætur og enn fullkomnari aðstöðu fyrir næsta vetur.

Reynslan og sjálfstraustið sem skapast hafði innan hópsins og metnaður til að gera enn betur, leiddi til þess að óhugsandi þótti annað en að gera nýja togbraut frá grunnni frekar en að lappa upp á þá gömlu, enda engin dráttarvél í hendi fyrir næstu vetur.

Keppnisferðir notuðu þeir til að stúdera togbrautarvæðingu annarsstaðar og gátu byggt á því sem þeir lærðu þar. Ljóst varð smám saman að nýja togbrautin þyrfti að vera mun fullkomnari, öruggari og afkastameiri en sú fyrri - og um leið kostnaðarsamari.

Sú gamla hafði þó skilað árangri sem tekið var eftir í bænum: Melurinn, sem hóf sig upp af jaðri skólalóðarinnar, í hjarta bæjarins, hafði verið iðandi allan veturinn og ekki bara af skíðakrökkum heldur fóru stöku foreldrar að venja komur sínar í Melinn á göðviðrisdögum að fylgjast með börnunum sínum, einkum þegar mót voru haldin og bjóða aðstoð í mótshaldinu og aðrir fullorðnir sem dustað höfðu

rykið af gömlu skíðunum. Þetta eflidi meðbyrinn í bæjarfélaginu og áhuga og jákvæðni í garð piltanna og áforma þeirra. Sá meðbyr skipti sköpum þegar ráðist var í nýju framkvæmdina um leið og sumri tók að halla.

### Velvildarmenn lögðu hönd á plóg

Að þessu sinni nutu þeir líka fulltingis nýs formanns skíðadeildar Völsungs sem hélt um þræðina á framkvæmdunum með þeim, sá um ýmsar praktískar hliðar gagnvart samfélaginu og hafði allar klær úti við að afla aðfanga og aðstoðar.

Frétti hann t.d. af öflugri bátsvél sem Siggí í Stapa var hættur að nota og fyrir hálf orð gaf Siggí piltunum vélna. Sem fyrr tók vélaverkstæðið Foss að sér að gera nauðsynlegar breytingar á vélinni, smíða undirstöður og tengja við hana girnkassa úr gömlum hertrukk sem Skarpur (Jónasson) sagði piltunum að þeir mættu hirða ef þeir næðu honum sjálfir úr bílhæðinu.

Bárújárnsskúr yfir vélna féll til hjá frístundabónda einum á túni sunnan við bæinn og Stebbi Sigurjóns flutti hann á staðinn.

Kaðalstrekkjari var hannaður af piltunum sjálfum og var betrubót á öðrum slíkum sem þeir höfðu stúderað á Akureyri. Einnig hann var smíðaður á Foss eftir ríssi, málum og tilsogn piltanna, úr prófilefni sem aldrei var rukkað fyrir frekar en vinnuna við smíðina.

Línustaurar sem félagarnir reistu með handafla í Melnum fengust hjá

Símanum.

Endamastríð uppi þyrfti að vera einstaklega öflugt og vendilega niðurgrafið til að standast togkraftinn. Félagarnir höfðu haft augastað á risavöxnu rekatré sem lá niðri á hafnarstétt. Það var sverara en svo neðst að sá stærsti þeirra næði utan um það með faðminum og einir fimm til sex metrar á lengd. Í ljós kom að Bessi Guðlaugs hafði dregið það að landi og gengu félagar á fund hans og fölluðust eftir því. „Jú, jú, strákar mínir. Þið megið eiga spýtuna,“ svaraði Bessi. Prautin þyngri var hins vegar að koma „spýtnunni“ upp á Mel. Ekki tókst vörubílnum að komast með hana alla leið en þræddi þess í stað slóðina ofan við trjáræktina í miðjum Melnum og losaði drumbinn af þar. Ekki var um annað að ræða en að slá á hann reipum og draga með handafla þaðan og upp á brún þar sem hann var reistur eftir miklar tilfæringer og átök.

Felgjur með legum sem piltarnir leituðu uppi í yfirgefnum bílhraejum suður í braggahverfi og nota skyldi til að flytja kaðalinn niður aftur, fengu á sig festingar, útbúið var endahjól og piltarnir komu þessu fyrir efst uppi í staurunum með ærinni fyrirhöfn.

Aftur var leitað til Þórs þegar að kaðlinum kom og ekki brást Þór, sagðist auðvitað tilneyddur til að endurnýja spottann fyrir þá. Að fyrirælu piltanna keypti hann nýjan og sveran nælonkaðal sem nauðsynlegt var öryggisins vegna svo hægt væri að nota á hann lyftubelti með sleppibúnaði en ekki stórhættulega, heimagerða steypujárnskróka eins og notaðir höfðu verið á grannan vírkaðalinn í þeirri gömlu.

Annað höfuðmarkmið uppbyggingaráformanna var að raflysa Melinn svo kvöldin og svartasta skammdgeið nýttust til æfinga fyrir keppnisrakka og ört vaxandi fjölda annarra skíðaunnenda.

„Það gengur ekki. Til þess þarf nýjan streng upp í Mel.“ Svar Kristjáns rafveitustjóra var afdráttarlaust.

Þeir félagar tóku nei ekki sem svar. Það var svo eftir mikla eftirgangssemi og baktjaldamakk formannsins að bæjaryfirvöld og rafveitustjóri féllust á að lagður yrði nýr strengur upp í Mel í vetrarbyrjun.

Þar með var lokaáfangi þessara djörfu áforma drengjanna náð, hálfu öðru ári eftir að það var fastmælum bundið á toppi Húsavíkurfjalls.

### Ætlunarverki lokið

Er vetur gekk í garð, í nóvember



Horft niður Skálamelinn 1968. Mynd: Þorgrímur Aðalgeirs.

1966, með mikilli fannkomu, stóð nútíma skíðasvæði í hjarta bæjarins, með varanlegri togbraut og rafmagnslýsingu tilbúið til notkunar.

Fáir hafa víst fagnað snjókomunni jafn innilega og þeir félagarnir fimm gerðu þá.

Aðstaða húsviskrar skíðaæsku og annarra sem njóta vildu, var nú orðin sambærileg við það sem finna mátti á helstu skíðastöðum annarsstaðar.

„Skýjborgirnar“ sem sumum fannst, lögðu grunninn að því skíðastórveldi sem Húsavík varð í kjölfarið og hefur með áframhaldandi uppbyggingu skilað húsviskum skíðamönnum í hóp þeirra bestu, aukíð hróður bæjarins og almenna ásókn fólks á öllum aldri í að stunda þessa heilnæmu vetraríþrótt.

Megi þessi frásögn verða hvatning til að nýjum áfanga í sögu húsviskrar skíðaiðkunar verði hrint í framkvæmd sem fyrst svo keppnisfólk, skíðaunnendur og ferðamenn fái það skíðasvæði sem beðið hefur verið eftir allt of lengi.

Frásögn þessi er tileinkuð minningu eins félaga okkar Héðins Stefánssonar og formanns Skíðadeildar ÍFV, Stefáns Benediktssonar.

*Sigurjón Pálsson.*

### Frá ritstjóra:

Lesendum til upplýsingar er rétt að taka fram að hinir framtakssömu og fræknu fimm félagarnir sem hér segir frá eru þeir Héðinn Stefánsson, Björn St. Haraldsson, Þórhallur S. Bjarnason, Bjarni Sveinsson og Sigurjón Pálsson. Hinn öflugri formaður skíðadeildar Völsungs var, eins og fram kemur, Stefán Benediktsson. JS



Stefán Benediktsson, hinn öflugri formaður skíðadeildar, er hér fyrir miðju í fimm manna framlínu Völsungs í fótbolta. F.v. Halldór Ingólfsson, Hallmar Freyr Bjarnason, Stefán, Vilhjálmur Pálsson og Gunnar Jónsson.



Þessi lyfta í Melnum er mun fullkomnari en sú sem piltar komu upp af eigin rammleik að mestu fyrir rúmlega 60 árum. Mynd: Gaukur Hjartar.



**Belkod óskar Völsungum  
gleðilegra jóla og farsældar á  
komandi ári.**

**Áfram VÖLSUNGUR**



**BELKOD**



**GPG Seafood  
óskar ykkur öllum  
gleðilegrar jólahátíðar  
og farsældar á nýju ári.**

**GPG  
SEAFOOD**

# Meistaraflokkar í knattspyrnu



Þá er knattspyrnuárinu 2024 lokið og má segja það hafi verið stórkostlega skemmtilegt hjá meistaraflokkunum okkar þetta árið. Aðalsteinn Jóhann þjálfaði áfram báða meistaraflokka og hafði sér til aðstoðar Santiago Feuillassier karlamegin og Söruh Elnický kvennamegin. Frábær teymi á báða vanga. Unnið var áfram með þá ung hópa sem blóðgast höfðu sumarið á undan og áfram var samstarf með Þór/KA kvennamegin. Vetrar- og vormótin gáfu góðar mínútur í leikmannahópinn og mættu liðin full sjálfstrausts inn í mót.

Karlaliðið okkar eflidist með hverjum leik sumarsins og fór í gegnum seinni umferð deildarinnar án þess að tapa og uppskáru 2.sæti í 2.deild og þar með sæti í Lengjudeild með frábærum 8-3 sigri á Fjarðabyggð í lokaumferðinni. Þar voru um 150 Völsungar í stúkunni sem fögnuðu ákaft hverju marki og í leikslok. Frábær stemning í liðinu og hópnum öllum sem sannarlega var samstíga í gegnum allt mótið. Hinn 17 ára Jakob Gunnar Sigurðsson átti að öðrum ólöstuðum, algjörlega



geggjað sumar en hann endaði með 25 mörk í 22 leikjum og var markakóngur 2.deildar. Hann var enda kjörinn besti og efnilegasti leikmaður 2.deildar hjá fótbolta.net og á lokahófi Völsungs. Auk þess vann hann auðvitað gullskóinn. Einar Ísfrjörð Sigurpálsson var kosinn Völsungur ársins. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson var svo valinn þjálfari ársins í 2.deild ásamt því að títtnefndur Jakob, Arnar Pálmi Kristjánsson, Inigo Albizurri, Juan Guardia og Xabier Cardenas voru allir valdir í lið ársins í 2.deild karla. Ólafur Örn Ásgeirsson markvörður var svo á varamannabeknum í því liði. Frábær árangur hjá okkar strákum sem eru vel gíraðir fyrir Lengjudeild á næsta ári og ætla laglega að gera sig breiða þar.

Kvennaliðið okkar fór af stað með þunnan hóp en það var valin kona í hverri stöðu. Sumarið byrjaði vel og inn mölluðu úrslitin sem skilaði okkur í 2.sæti inn í úrslitakeppni deildarinnar. Við bjuggum til frábært varnarlið sem fékk eingöngu á sig 7 mörk í fyrstu 12 leikjunum og vorum með eldheita Kristu Eik á toppnum sem kvaddi okkur í ágúst vegna náms erlendis, þá markahæst í deildinni með 15 mörk. Í úrslitakeppninni urðu því miður of stór skörð hoggin í hópinn með meiðslum og öðru og við rétt misstum af sæti upp um deild með óhagstæðum úrslitum í blálok móts. Frábærlega barist og spilað innan vallar hjá okkar konum þetta sumarið en lokanaglað náðum við þó ekki að negla í sumarið. Það ætlum við bara að gera næst í staðinn! Á lokahófi var Júlía Margrét Sveinsdóttir kosin besti leikmaður liðsins, Halla Bríet Kristjánsdóttir efnilegust og Rakel Hólmgeirsdóttir Völsungur ársins.

Knattspyrnuráð þakkar öllum leikmönnum, þjálfurum, styrktaraðilum, sjálfbodaðilum og stuðningsmönnum kærlega fyrir árið sem er að líða. Án ykkar væri þetta alls ekki hægt.

2024 var frábært ár til þess að vera Völsungur og við ætlum að gera árið 2025 enn betra.

**ÁFRAM VÖLSUNGUR!**





**BÍLALEIGA  
AKUREYRAR**  
— Höldur —

**Europcar**

# VELDU GÓÐA ÞJÓNUSTU



Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér framúrskarandi þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra og vel útbúinna bíla í öllum stærðarflokkum.



**Bílaeigubílar heima og erlendis**  
Aðalnúmer 461 6000 • [www.holdur.is](http://www.holdur.is)




# Gleðileg jól

STARFSFÓLK ÞEKkingARNETS ÞINGEYINGA ÓSKAR ÞÉR  
GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR, FARSÆLDAR OG FRÍÐAR, MEÐ ÞÖKK  
FYRIR SAMSTARFIÐ Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA



[WWW.HAC.IS](http://WWW.HAC.IS)





Óskum Völsungum öllum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.

- Áfram Völsungur -



Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



LögEign

Óskum öllum  
Völsungum gleðilegra  
jóla og farsældar  
á nýju ári.



ENOR

Gleðilega hátíð

Við óskum þér og þínum gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári með þakklæti fyrir  
ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

 **VERKÍS**

# Píludeild Völsungs

Píludeild Völsungs var stofnuð á árinu. Í byrjun árs, eða, 30. janúar, var ákveðið að auglýsa fund í vallarhúsinu og kanna hvort áhugi væri á því að stofna píludeild á Húsavík. Mætingin var mjög góð og í framhaldinu var deildin stofnuð. Kosin var stjórn sem fékk það hlutverk að finna deildinni aðstöðu og óska eftir því að fá að vera innan raða Völsungs.

Í dag heitir deildin því píludeild Völsungs og fengum við aðstöðu í norðurendanum í sundlaugarkjallaranum. Þar var rými sem má segja að hafi verið fokhelt. Með stuðningi frá Norðurþingi sem lagði til efniskostnað var hafist handa við að standsetja aðstöðuna. Sjálfboðaliðar lögðu mikið til og standsettu glæsilega aðstöðu sem var opnuð 15. nóvember síðastliðinn.

Nú þegar hafa um 70 manns skráð sig í deildina og mæting á kastkvöld er góð. Kastkvöld eru á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 20-22:00 og allir áhugasamir eru velkomnir að kíkja við og skrá sig í félagið. Með félagsgjaldi fylgir einmitt glæsilegur pílubolur deildarinnar. Haldið var kvennakvöld 27. nóvember og mættu 41 kona til að kynna sér aðstöðuna og kasta. Það er því stefnan að bjóða uppá konukast einu sinni í viku eftir áramótin.

Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa aðstoðað við að gera þetta að veruleika, stuðningsaðilum deildarinnar sem hafa tekið okkur vel og séð til þess að við getum haft aðstöðu sem er á pari við þær bestu á landinu.

Við óskum öllum Völsungum gleðilegra pílu jóla

**Stjórn píludeildar Völsungs**







## HSP í 110 ár

Þá líður að lokum þessa árs, 2024. Héraðssamband Þingeyinga „fagnaði“ reyndar 110 ára afmæli á árinu – engin voru þó hátíðarhöldin, svona í almennum skilningi. Héraðssambandið var þó með veglegri formannafund en venjulega þegar förmönnum aðildarfélaganna HSP var boðið til kvöldverðar á Fosshóтели Húsavíkur að loknum fundi.

Já, það eru 110 ár síðan forveri HSP, Samband Þingeyskra ungmenna var stofnað þann 31. október 1914. Ef við gluggum í söguna má sjá að það var mikill uppgangur í upphafi síðustu aldar eftir harðindi áratuganna þar á undan. Félagastarfsemi hvers konar stóð í blóma og unga fólkið var bjartsýnt og vildi sækja fram. Samtakamáttur ungmennafélaganna réði því að Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) var stofnað árið 1907, löngu á undan sérsamböndunum og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. En með fjölgun aðildarfélaganna UMFÍ var ákveðið að stofna héraðssambönd þar sem því var haldið fram að erfitt væri að hafa öll félög á landinu saman undir einu merki. En hvað var það sem knúði þáverandi félög á starfssvæði HSP til þess að vilja sameinast undir eina regnhlíf? Meðal þeirra raka sem færð voru fram var að með stofnun héraðssambands myndi það vera auðveldara fyrir félögin að útvega íþróttakennara – rök sem eiga fyllilega rétt á sér enn í dag og við mættum vera duglegri að vinna saman þvert á félög.

Starfsemi gömlu héraðssambandanna snerist í þá tíð mikið um hátíðir og íþróttakeppnir auk íþróttanámskeiða og uppbyggingu svæða s.s. í Ásbyrgi og á Laugum. Þetta var sannarlega kraftmikið starf, svo mikið að gömlu samböndin sáu sér ekki annað fært en að ráða starfsmann vegna umfangsins frá og með árunum í kringum 1970 og létta þannig á hinum almenna stjórnarmanni. En þá voru líka tímarnir farnir að breytast.

Tímarnir eiga það reyndar til að fara í hring og nú rúmum 50 árum síðar erum við enn í miðjum samfélagslegum breytingum og enn hafa kröfur, verkefni og þar með umfang íþróttafélaganna aukist. Þau félög sem geta haft starfsfólk eru heppin, en innan okkar raða eru þau sárafá sem þýðir bara eitt, að þetta lendir á sjálfbodaliðunum. Sjálfbodaliðar eru hins vegar að verða fágætur hópur. Hinn venjulegi félagsmaður vill frekar bara borga aðeins meira og vera laus við kvaðir og skyldur, hvað þá stjórnarsetu í íþrótt- eða ungmennafélagi með þeirri ábyrgð sem fylgir. Það er í raun bæði áhuga- og umhugsunarvert að hugsa til þess að íþróttahreyfingin, þetta risastóra samfélagslega mikilvæga afl, er rekin áfram af sjálfbodaliðum og íþróttastarf minni samfélaga stendur og fellur kannski bara með einum aðila. Starf sem er svo mikilvægt að það hefur jafnvel úrslitaáhrif á það að fjölskyldur eru til í að flytja til okkar „út á land“.

Íþróttahreyfingin er einstök. Hún skapar fjölmörg tækifæri, tækifæri til þess að gera sitt besta, að ná markmiðum, að finna hvernig þrek og þol eflist, að kynnast nýju fólki, að vinna með alls konar fólki, að sýna umburðarlyndi, að efla sjálfstraust, að taka mótlæti og láta það ekki buga sig, að vilja bæta sig, að eignast vini, að tilheyra hópi, að vera skipulagður, að hafa gaman af lífinu. Það er sjálfsagt hægt að telja endalaust áfram. Samtakamáttur íþróttahreyfingarinnar er mikill og nú hafa tekið til starfa átta svæðisskrifstofur á landinu til eflingar íþróttastarfs. Kannski ekki lóðbeint ofan í grasrótina, heldur meira til eflingar þeirra sjálfbodaliða og starfsfólks sem vinnur innan íþróttahreyfingarinnar, vegna krafanna og vegna umfangsins, því saman erum við sterkari. Það eru áhugaverðir tímar fram undan og ég hvet þig lesandi góður til þess að taka þátt, hafa áhrif og finna samtakamátt íþróttahreyfingarinnar – setja stefnuna til framtíðar líkt og forfeður og formæður okkar.



**VÖLSUNGSVÖRURNAR FRÁ**



**FÁST Í**

**SKÓBÚÐ**

**HÚSAVÍKUR**

## **Gamli Baukur**

*Starfsfólk Gamla Bauks óskar ykkur  
gleðilegra jóla og þakkar innilega  
fyrir árið sem er að líða.*

*Hlökkum til að sjá ykkur  
á Bauknum á nýju ári!*



**gamlibaukur.is**

**sími 464 2442**

*HLÝJAR  
JÓLAKVEÐJUR*



**ORKUVEITA  
HÚSAVÍKUR**